

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. ágúst 2016

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 (735. mál)

Breytingarnar sem frumvarpið kveður á um hafa það að markmiði að takmarka möguleika á skattasniðgöngu með svokallaðri þunnri eiginfjármögnun. Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að settar verði reglur sem takmarka umfang frádráttar vaxtagjalda vegna lánaviðskipta við tengda aðila. Ráðið styður frumvarpið í meginatriðum en telur þó að skilgreina þurfi samstæðuhugtakið í lögum um tekjuskatt.

Innleiðing reglna um þunna eiginfjármögnun í samræmi við alþjóðlega þróun

Viðskiptaráð tekur undir það sem fram kemur í frumvarpinu um að núgildandi fyrirkomulag skekki samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Fyrirtæki sem hafa starfsemi í fleiri löndum en á Íslandi geta nýtt sér það skattahagræði sem fellst í þunnri eiginfjármögnun á meðan slíkt er ekki kleift minni fyrirtækjum sem einungis starfa hér á landi. Þá er ljóst að flest þeirra landa sem við berum okkur saman við hafa þegar lögfest reglur um þunna eiginfjármögnun þó svo að framkvæmd reglanna sé ólík milli ríkja. Viðskiptaráð telur því að lögfesta eigi slíkar reglur hér á landi.

Að mati ráðsins er þó rétt að samhliða breytingunum sem frumvarpið kveður á um verði ný skilgreining á samstæðuhugtakinu fest í tekjuskattslög. Það er í samræmi við tillögur starfshóps um reglur um þunnrar eiginfjármögnunar, sem skipaður var af fjármálaráðherra árið 2011 og skilaði tillögum sínum í júní 2012. Lagði hópurinn til að ákvæðum tekjuskattslaga um samstæðuhugtakið yrði breytt þannig að kröfum um skýrleika yrði fullnægt. Í núverandi mynd kynni að vera vafa undirorpið hvaða aðilar falla undir ákvæðið. Að mati Viðskiptaráðs væri rétt að líta til laga um ársreikninga nr. 3/2006 og skilgreining félagasamstæðu í þeim lögum verði innleidd í tekjuskattslög.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands